

Fundur 8.5.2023 Álfrún Gunnlaugsdóttir. 18/3 1938 - 15/3 2021.

Góða kvöldið, komið þið allir blessaðir og sælir.

*Komdu blessuð og góða kvöldið.*

Tala ég hér frá mikilli stjörnusambandsstöð og hefur þetta verið mér sífellt undrunar efni síðan ég kom yfir á þennan hnött og sjaldan hef ég verið eins stolt að vera Íslendingur síðan ég uppgötvaði það, að það var Íslendingur sem uppgötvaði þessi miklu sannindi, stjörnusambandið og framlífið á öðrum hnöttum og draumakenningarnar sem lýsa þessum tengslum á milli lífveranna og mannkynjanna.

Og finnst mér það furðulegt að ég skuli ekki hafa veitt þessu meiri eftirtekt en þekkti þetta þó eitthvað.

Mikil eru umskiptin að komast úr gömlum líkama og fá nýjan líkama og að þurfa ekki að standa neinum Drottni reiknigsskil, heldur einungis sjálfum sér og reyna í framhaldinu að verða betri manneskja og líta yfir farin veg og sjá hvað miður hefur farið og reyna að bæta úr því.

Eru hér fjölmargir á þessum hnetti sem ég þekki vel og finnst mér allt þetta hið furðulegasta mál og hamingja mín sífellt að aukast yfir því að vera hér og furðan yfir því hvernig þetta er, dvínar ekki, eða lítið.

Er ég hér enn þá að sinna sama starfi og áður, og er það enn eitt undrunar efnið hversu miklar framfarirnar eru orðnar á þessum hnetti og hversu margt nýtt ég þarf að læra hér í framlífi og bæta við þekkingu mína og má segja að áhuginn hafi stór aukist á þessum fræðum og bæði á hinu forna og nýja sem skrifað hefur verið.

Og það er nú sérstaklega ánægjulegt að koma hér að góðu búi, bókmenntalegu og eiga eftir að kynna sér þessar miklu listgreinar sem hafa haft langan tíma til að dafna og þykir mér þó einna áhugaverðast hve margt við eigum sameiginlegt með þeirri þjóð sem hér byggði þennan hnött í árdaga og skildi eftir sig Goðsagnir og önnur menningar verðmæti og snertir það mjög fræðigrein mína og mín gömlu áhugamál frá því ég var yngri á jörðinni.

Svo er það annað sem breytist þegar komið er í nýjan líkama, að hér eru sömu líkamlegu kenndirnar og á gömlu jörðinni og möguleikarnir á að kynnast öðru fólki og lennti ég því í nýju sambandi, því eg var, minnst mig á þegar ég var yngri og er þetta allt hið hamingjuríkasta líf.

Ætla ég að reyna að segja á mér deili áður en ég held lengra áfram og verð kannski að koma síðar.

Mig langaði til að lýsa fornum bókmenntum á þessari jörð og ekki viss um að mér takist það að sinni, orkan fer dvínandi.

Reyni ég að segja nafn mitt, Álfrún, veit ekki hvort miðillinn nær því rétt,

*Gunnlaugsdóttir?*

Gunnlaugsdóttir, já, komið þið sæl.

*Já komdu sæl.*

*Þú skrifaðir margar bækur þegar þú varst hér uppi.*

Já, og var beðin að skila kveðju frá ömmu þinni.

*Já, þakka þér fyrir.*

Hún er hér einnig virk.

*Já, já. Þið getið áreiðanlega talað saman um bókmenntir.*

Já, það er margt hér fróðlegt og merkilegt og eins og ég segi þá endurnýjast áhuginn og líkaminn og margt hér sem hægt er að gera betur.

Margt sem þetta líf bíður upp á og Íslendingar sem hér hafa staðið framarlega.

Vildi ég aðeins láta af mér vita og get kannski komið inn á þetta síðar, verð ég nú að kveðja, þakka ykkur fyrir, verið þið sælir.

*Vertu sæl og takk fyrir að koma, þetta var mjög fróðlegt.*

Takk fyrir.